



6. fundur aðalstjórnar UMF. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 1. febrúar 2017 kl. 18:15.

Mætt eru: Guðmundur Kr. Jónsson (GKJ) formaður, Jóhann Helgi Konráðsson (JHK), Sverrir Einarsson (SE), Þóra Þórarinsdóttir (ÞÞ), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Magnús Matthíasson (MM), Þórdís Raket Hansen (ÞRH), Guðmundur Pálsson (GP), Ófeigur Ágúst Leifsson (ÓÁL) og Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Forföll boðuðu: Hjalti Þorvarðarson, Viktor S. Pálsson, Adólf Ingvi Bragason og Magnús Ragnar Magnússon.

1. Fundargerð aðalstjórnar

- 5. fundargerð aðalstjórnar frá 11. janúar 2017 samþykkt.

2. Fundargerð framkvæmdastjórnar

- 8. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 25. janúar 2017 til umræðu.

3. Aðalfundur UMF. Selfoss

- Tillögur til aðalfundar lagðar fram til umræðu.
- Fyrir liggur tillaga um lagabreytingu sem kveður á um að fundir aðalstjórnar verði haldnir a.m.k. ársfjórðungslega. Nokkrar umræður sköpuðust um tillöguna.
- Tillögunum var vísað til kynningar í deildum og afgreiðslu næsta fundar aðalstjórnar.
- GKJ kynnti fyrir aðalstjórn hugmyndir um útdelingu heiðursmerkja.

4. Bókun frá stjórn fimleikadeildar UMF. Selfoss

- Lögð fram bókun frá stjórn fimleikadeildar UMF. Selfoss varðandi Braga - ársrit UMF. Selfoss.

Stjórn fimleikadeildar Ungmennafélags Selfoss gerir athugasemdir við fyrirkomulag auglýsingasöfnunar vegna Braga, tímarits UMF Selfoss.

Tilmæli um auglýsingasöfnun deilda berast allt of seint og utanumhald er lítið sem ekkert þannig að margar deildir eru að sækja til sömu styrktaraðila.

Stjórn deildarinnar telur ennfremur fyllstu ástæðu til að athuga hvort ekki beri að stefna að því að gefa ritið út rafrænt.

Stjórn fimleikadeildar Ungmennafélags Selfoss.

- ÞP fylgdi málinu úr hlaði og lýsti m.a. áhyggjum fimleikadeildarinnar af stuttum fyrirvara.
- AIB lýsti ánægju með blaðið og sýn félagsins á því að koma ársskýrslunni í þetta form.
- HSH lagði fram tillögu um að fjármagna blaðið úr sameiginlegum rekstrarsjóðum félagsins. Benti á að leiðir til fjármögnunar og útfærslur á því geta verið með mismunandi hætti.
- Fram kom að deildirnar eru oft að leita til sömu fyrirtæki varðandi auglýsingar. Einfaldara er að blaðið verði formfastara varðandi auglýsingar til að auðvelda uppsetningu.
- Um er að ræða gott kynningarstarf og sameiginlegt skemmtilegt verkefni fyrir félagið.
- Aðalstjórn samþykkir að kostnaður við blaðið verður greiddur úr sameiginlegum rekstrarsjóðum félagsins.

Fundi slitið klukkan 19:13.

Næsti fundur aðalstjórnar miðvikudaginn 1. mars 2017 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Fundir aðalstjórnar starfsárið 2016-2017:

Miðvikudaginn 5. apríl 2017 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.